

Fræðslufundir í mars

Í mars eru fyrirhugaðir eftirtaldir fræðslufundir fyrir Geysifélaga. Allir fundirnir eru haldnir á þriðjudögum í Geysi:

Þriðjudaginn 1. mars verður Ingibjörg Stefánsdóttir frá Krabbameinsfélaginu með námskeiðið – Hættu fyrir lífið – fyrir þá sem hafa áhuga á að hætta að reykja.

Þriðjudaginn 15. mars mun Ásta J. Árnadóttir koma frá Tryggingastofnun Ríkisins og kynna þjónustu stofnunarinnar.

Þriðjudaginn 29. mars ætla Héðinn Unnsteinsson stefnumótunar- sérfræðingur í forsætisráðuneytinu að halda fyrirlestur um geðheilbrigðismál.

Fjáröflun vegna haustferðar

Ákveðið hefur verið að breyta árlegri vorferð í haustferð. Verið er að selja klósettpappír, heimilsrúllur og lakkris til styrktar væntanlegum ferðalöngum.

VERÐLISTI

Klósettpappír 48. rúllur á kr. 3.500.-
Heimilsrúllur 12 rúllur á kr. 3.500.-
Blandaður Freyjulakkris 500.- gr. á kr. 800. Þeir sem vilja styrkja ferðalangana eru hvattir til að nýta sér þessi frábæru kostakjör á þessari nauðsynjavöru.

Deildarfundir

Fundir í deildum eru haldnir á hverjum degi kl. **09.30** og **13.15** þar sem farið er yfir verkefni sem liggja fyrir hverju sinni.

Við hvetjum félagana til að mæta á fundina.

Klúbburinn Geysir er opinn alla virka daga frá kl. **08.30 - 16.00**, nema föstudaga til kl. **15.00**.

Félagslegt í mars

Fimmtudagur 3. mars

Út að borða 18.00 - 20.00
Ákveðið síðar hvert verður farið.

Mánudagur 7. mars

Töframáttur Tónlistar að Kjarvalsstöðum kl.14.00

Fimmtudagur 10. mars

Kjarvalsstaðir. Lagt af stað frá Geysi kl. 15.00

Laugardagur 12. mars

Opið hús kl. 11.00 - 15.00

Fimmtudagur 17. mars

Kaffihús kl. 16.00 - 18.00
Ákveðið síðar hvert verður farið.

Laugardagur 19. mars

Kolaportið kl. 10.00 - 18.00
Geysir verður með sölubás.

Fimmtudagur 24. mars

Félagsvist kl.16.00 - 18.00

Fimmtudagur 31. mars

Opið hús kl. 16.00 - 20.00

Húsfundir!

Húsfundir eru miðvikudaga kl. 14:30. Rétti staðurinn fyrir félagana til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Allir að mæta!

Litli - Hver

3. töfublað mars 2011

Dagarnir lengjast og vor er í lofti



Myndin hér að ofan er tekin á opnu húsi í Geysi laugardaginn 19.

febrúar síðastliðinn. Mikil gróska hefur verið í laugardagsstarfi klúbbsins og mæting hefur verið með afbrigðum góð, en opið hefur verið tvo laugardaga í mánuði. Í mars mun því verða haldið áfram. Samkvæmt því verður opið hús 12. mars í klúbbnum og laugardaginn 19. mars höfum við pantað sölubás í Kolaportinu, þar sem við ætlum að selja kompuðót til ágóða fyrir klúbbinn. Félagar eru hvattir til þess að taka þátt í þessu verkefni og skrá sig til þátttöku. Einnig ef félagar, ættingjar, vinir og velunnarar Geysis eiga eitthvað í kompum sínum sem þeir eru tilbúinir að leggja í púkkið væri það vel þeginn styrkur til starfsins í Geysi.



KLÚBBURINN
GEYSIR

BYGGT Á OG REKID SAMKVÆMT ALÞJÓDLEGRU
HUGMYNDAFRÆÐI FOUNTAIN HOUSE

Skipholti 29, 105 Reykjavík
Sími: 551-5166, fax: 551-5136
Netfang: kgeysir@kgeysir.is
Veffang: www.kgeysir.is
Facebook: Klúbburinn Geysir

Fréttir af húsfundum



Myndin er tekin á húsfundi í Geysi 15. febrúar

Miðvikudagurinn 5 janúar.

Gunnar Hreinn lagði fram tvær tilkynningar; um vorferðarfund sem er á föstudaginn klukkan 14:00 og að koma á fót fjáröflunarnefnd fyrir klúbbinn. Jón Snorrason stjórnarmaður sagði að Gunnhildur hefði nú tekið við sem stjórnarmaður í stað Ólafs Ólafssonar sem gegnt hefur stjórnarformennsku síðastliðið ár. Jón sagði að nokkrir stjórnarmenn hefðu hist óformlega fyrir nokkru þar sem kom fram vilji þeirra til þess að vera sýnilegri í framtíðinni. Benni tilkynnti um opið hús á laugardaginn 8. janúar frá klukkan 11:00-15:00. Rætt var um ráðningu nýs starfsmanns og orðalag í atvinnuauglýsingu. Einnig var lögð fram tillaga um að reyna að senda Litla hver á rafrænu formi til eins margra viðtakenda og mögulegt væri í sparnaðarskyni.

Miðvikudagurinn 12. janúar.

Tilkynningar um vorferðarfund og heimsókn á Kjarvalstaði. Bornar voru fram óskir um að fjörga fjáröflunarnefndina og þær settar í jákvæðan farveg. Ragnheiður Ólína kynnti sig en hún mun verða í starfsnámi í Geysi næstu fjórar vikur. Sagt var frá grískum colleglegum sem væntanlegir eru til landsins í maí og ætla að kynna sér starfsemi Geysis. Óskað var eftir

félögum til þess að taka þátt í undirbúningi og virkri þátttöku meðan á heimsókn þeirra stendur, til dæmis um þýðingar og upplýsingar til félaga. Undir öðrum málum var rætt um ráðningu nýs starfsmanns og ráðningarferlið. Óskað eftir opinni og lýðræðislegri umræðu og að ráðninganefndin starfi í þeim anda.

Miðvikudagur 19. janúar.

Tilkynningar voru um laugardagsopnun, sláturgerð og undirbúning þorrablóts. Ákveðið að miðar verði seldir á kr.1800. Keli og kiðlingarnir munu leika undir fjöldasöng. Kynning á framkvæmdaáætlun varðandi vinnumiðaðan dag. Sagt frá starfi ráðninganefndar og tilhögun varðandi viðtöl við umsækjendur

Miðvikudagur 26. janúar.

Tilkynningar um opið hús á fimmtudeginum. Sagt frá væntanlegu þorrablóti og stöðu undirbúnings. Ákveðin var félagsleg dagskrá í febrúar og laugardagsopnanir. Ákveðið var að fá 6 umsækjendur um vinnu í viðtöl og þrjú boðaðir í prufu. Tilkynnt var um að Sigga Gísla væri komin í veikindafri og kæmi ekki aftur til starfa í Geysi. Rætt var um heimsráðstefnuna í Stokkhólmi í sumar og styrkumsóknir vegna þess. Ester og Kjartan Emil munu sækja fund ráðgjafaráðs ICCD í lok mars og Kjartan Emil hefur verið samþykktur til þess að taka þátt í þjálfun hjá úttektarráði ICCD, sem haldin verður í Evrópulandi í vor.

Markmiðssetning!

Kæri félagi!

Ef þú veist ekki hvert þú stefnir eða hvað þú vilt gera gæti markmiðsáætlun hentað þér! Nú getur þú sem félagi í Klúbbnum Geysi valið þér stuðningsstarfsmann og gert með honum markmiðsáætlun.

Settu þér markmið og láttu drauma þína rætast!

Publisher og Tölvuver

Kennsla í Publisher alla þriðjudega kl. 11.15-12.30.

Einstaklingsmiðuð kennsla í forritinu Publisher sem er m.a. notað til að búa til Hádegisfréttir og afmælskort. Kennari: Benni

Kennsla fer fram í tölvuveri alla fimmtudaga frá 11.15–12.30.

Félagar geta áfram fengið einstaklingsmiðaða aðstoð á tölvur og unnið ýmis verkefni við innslátt í Word, tölvupóst og lært á Internetið. Kennari: Elín.

Líkamsrækt í Laugum

Félagar í Klúbbnum Geysi fá afslátt af líkamsrækt í Laugum. Hafði í huga að tilkynna þarf þátttöku í Laugum til Esterar.

Morgunfundir

Morgunfundir eru alla morgna og hefjast klukkan 09.00.

Munið frían morgunmat frá kl. 08.30 til 09.30

Allir að mæta!

Frá fulltrúa notenda geðsviðs


Bergþór Böðvar Grétarsson fulltrúi notenda á geðsviði LSH langar til þess að komast í samband við notendur sem hafa verið nauðungarvistaðir eða sviptir sjálf-ræði á geðdeild. Tilgangurinn er að kanna stöðu þessara einstaklinga svo að bæta megi þjónustu við þá. Þeir sem vildu vinna með Bergþóri í þessu verkefni er bent á að hafa samband við hann í síma 543-4084/824-5315 og/eða tölvupóst bergbo@landspitali.is.

ATOM

Fréttir Atvinnu- og menntadeildar

Námsmaður mánaðarins


Helga María Bjarndóttir er námsmaður Geysis þennan mánuð. Hún er í Tækniskólanum á hönnunar- og handverksbraut á listasviði en námið er liður í löngun hennar til að ljúka stúdentsprófi Hún hóf námið haustið 2010 og stefnir að því að útskrifast vorið 2012.



Helga María við tölvuna í Geysi.

Myndlistarmaður mánaðarins

Ármann K. Magnússon er myndlistarmaður marsmánaðar í Geysi. Hann hefur einbeitt sér að olíumálun undanfarið og ætlar að lofa Geysisfélögum að njóta ávaxta vinnu sinnar næsta mánuðinn. Ármann byrjaði að mála árið 2006. Hann fór á námskeið í Fjölmennt árið 2009 og hefur lagt stund á myndlist síðan. Annars segir hann myndefni sitt snúist um átök daglegs lífs. Við óskum Ármanni til hamingju með sýninguna og þökkum honum fyrir að vilja deila tjárikum myndheimi sínum með okkur.



Ármann við myndir sínar í Geysi.

Fréttir af RTR

RTR störf sem eru að losna

Við viljum vekja athygli á RTR störfum sem eru að losna á næstunni.

▲ Starfið í Þjónustumiðstöð Miðbæjar og Hlíða er laust frá og með 1. apríl næstkomandi. Umsjón og upplýsingar um starfið hafa Benni og Þórunn Ósk.

▲ Starfið í Þjónustumiðstöðinni við Vitatorg (Lindargötu 59) er laust frá og með 15. júní. Umsjón og upplýsingar um starfið veita Benni og Ester

▲ Annað tveggja 25% starfa hjá Kynnisferðum á BSÍ er laust frá og með 1. maí og hitt frá og með 1. júlí. Umsjón og upplýsingar um starfið veita Ester og Stefán. Við hvetjum alla sem áhuga hafa að kynna sér þessi störf hjá umsjónarmönnum þeirra.

Kynningar – og viðmiðunarreglufundir

Með reglulegu millibili eru haldnir kynningarfundir, viðmiðunarreglufundir og markmiðsetningafundir í Klúbbnum Geysi. Þetta eru upplýsinga- og fræðslufundir og ætlaðir félögum og starfsfólki. Næstu fundir verða sem hér segir:

Viðmiðunarreglufundur verður þriðjudaginn 8. mars kl. 15.00.
Markmiðsetningarfundur verður þriðjudaginn 22. mars kl. 15.00.

Árni Björn Finnsson gefur Geysi lúðusporð

Árni Björn Finnsson félagi í Geysi til margra ára færði klúbbnum skemmtilegan skrautmun sem pabbi hans smíðaði úr lúðusporði. Hann er haganlega smíðaður og vekur mikla undrun þeirra er berja augum. Við færum Árna kærar þakkir fyrir gjöfina.



Árni með sporðinn.

Stefán Jónsson nýr starfsmaður í Geysi

Stefán Jónsson hóf störf í Geysi 3. febrúar síðastliðinn. Bláðamenn Litla hvers hittu hann að máli til að kynna hann fyrir lesendum blaðsins.



Stefán Jónsson hallar undir flatt og brosir sínu blíðasta.

Hvers vegna sóttir þú um starfið og hvað vakti áhuga þinn á því? "Ég sótti ekki um starfið heldur sótti það um mig." Er ekki full mikil bjartsýni að vera ráðinn í gegnum netið? Ég sótti um í gegnum tölvupóst. Svo var tekið við mig viðtal í gegnum Skype. Síðan var ég boðaður í prufu og eftir það var mér boðin vinna. Er rétt að þú sért að austan þ.e. Bakkafirði? "Nei ég er úr Borgarfirðinum." Hvar lærðir þú að elda svona góðan mat eða er erfitt að viðurkenna að eiginkonan sé betri í þeirri deild? "Ég fæddist meistarakokkur."

Fjármálin í lok janúar

Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 eru bæði tekjur og gjöld undir áætlun sem nemur u.þ.b. 30%. Við komum sem sagt út á sléttu í janúarmánuði – hvorki er gróði né tap. Taka þarf með í reikninginn að einum færri var á launaskrá en áður, sem breytist með tilkomu nýs starfsmanns. Einnig hefur einn samningur við velferðarráðuneytið aðeins verið framlengdur til loka maímánaðar og óvíst um áframhald. Við þurfum því að leita frekari fjármuna til að standa undir rekstrinum. Enn eru ókomin svör frá Reykjavíkurborg varðandi tvo styrki sem við höfum hingað til fengið og við vonum hið besta.

Takmark okkar er að reka Klúbbinn Geysi hallalausan á þessum krepputímum svo við getum haldið neyðarsjóð okkar í því horfi sem hann er. Hins vegar er ljóst að fyrir öllum útgjöldum sem ekki tengjast rekstri þarf að koma inn nýtt fé. Þetta á t.d. við um endurnýjun á búnaði, s.s. eldavelinni, og ferðir á ráðstefnuna í Stokkhólmi næsta sumar. Nú er búið að setja á fót fjáröflunarteymi sem ætlar að beita sér fyrir því að afla fjár annars vegar til reksturs Geysis og hins vegar fyrir öðrum kostnaði eins og lýst er hér að ofan. Í teyminu eru Svava Björg Sigurðardóttir, Kjartan Emil Sigurðsson, Sigurún Jóhannsdóttir, Stefán Jónsson og Ester Auður Elíasdóttir. Allir sem hafa áhuga á að starfa með teyminu eru hjartanlega velkomnir, sem og allar góðar fjáröflunarábendingar.

Mars 2011

Ganga kl. 10.30 alla daga vikunnar — Morgunfundur alla daga kl. 09.00 og ókeypis morgunmatur — Deildarfundir alla daga kl. 09.30 og 13.15

Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
28 <i>Besstastaðaysa (Tryggvi)</i> Starfsmannafundur kl. 10.00	1 <i>Slátur</i> Publisher 11.15 Hættum að reykja námskeið kl 13.00	2 <i>Grjónagrautur og slátur</i> Brabra kl 10.00 Húsfundur 14.30	3 <i>Hlaðborð</i> Tölvuver 11.15 Út að borða kl 18.00	4 <i>Fjárhirðabaka</i> Eldhúsdeildarfundur kl. 10.00	5
7 <i>Falafel Grænmetisbollur</i> Starfsmannafundur kl. 10.00 Töframáttur tónlistar kl 14.00	8 <i>Saltkjöt og baunir</i> Publisher 11.15 Viðmiðunarregluf. kl. 15.00	9 <i>Soðinn fiskur</i> Brabra kl 10.00 Húsfundur 14.30	10 <i>Tómatsúpa a la Heimir</i> Tölvuver kl 11.15 Kjarvalstaðir kl 15.00	11 <i>Hlaðborð</i> Eldhúsdeildarfundur kl. 10.00	12 <i>Opið hús 11.00 til 15.00</i>
14 <i>Kjötjúðingur með kartöflustöppu</i> Starfsmannafundur kl. 10.00	15 <i>Fiskur í karry með hrísgrjónum</i> Publisher 11.15 Kynning frá TR kl 14.00	16 <i>Spagettipizza</i> Brabra 10.00 Húsfundur 14.30	17 <i>Hlaðborð</i> Tölvuver kl 11.15 Kaffihús kl 16.00	18 <i>Svínakjöt í raspi</i> Eldhúsdeildarfundur kl. 10.00	19 <i>Kolaportíð 10.00 til 18.00</i>
21 <i>Pylsa með öllu</i> Starfsmannafundur kl.10.00	22 <i>Blómkálssúpa</i> Publisher kl:11.15 Markmiðssetningafundur kl. 15.00	23 <i>Steiktur fiskur</i> Brabra 10.00 Húsfundur 14.30	24 <i>Hlaðborð</i> Tölvuver kl. 11.15 Felagsvist kl 16.00	25 <i>Gúllas og kartöflu- stappa</i> Eldhúsdeildarfundur kl. 10.00	26
28 <i>Grænmetissúpa</i> Starfsmannafundur kl. 10.00	29 <i>Hakk og spagetti</i> Publisher 11.15 Héðinn Unnsteinsson heldur fyrirlestur um geðheilbrigðis- mál kl 14.00	30 <i>Kjúklingasalat</i> Brabra 10.00 Húsfundur 14.30	31 <i>Hlaðborð</i> Tölvuver kl. 11.15 Opið hús kl 16.00 til 20.00	1 <i>Hamborgari og franskar</i> Eldhúsdeildarfundur kl. 10.00	2